

**Nd.**

**146. Frumvarp til laga**

[119. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Gunnar G. Schram, Björn Dagbjartsson, Guðrún Agnarsdóttir,  
Guðmundur Bjarnason, Hörleifur Guttormsson, Jón Baldwin Hannibalsson,  
Pálmi Jónsson.

1. gr.

Í 3. gr. laganna breytist 39. tl. og orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði, sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G re i n a r g e r ð .**

Frumvarp þetta er flutt af þingmönnum í neðri deild sem sæti eiga í Rannsóknaráði ríkisins og kosnir eru af Alþingi. Tilgangur frumvarpsins er að opna heimild í tollalögum til að Ísland geti uppfyllt öll meginatriði sáttmála UNESCO um niðurfellingu aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísinda-, mennta- og menningarmála, svokallaðan Flórens-sáttmála. Pingsályktunartillaga hefur verið lögð fram af sömu flutningsmönnum um aðild Íslands að sáttmála þessum og er vísað til ítarlegrar greinargerðar með henni um efnisatriði sáttmálans.

Á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum vísinda og rannsókna, þar sem stefnt er að því að efla þá starfsemi í þjóðarbúskapnum og hvetja til aukinna rannsókna á vegum einkaaðila sem og opinberra stofnana. Nýlega birti fjármálaráðuneytið auglýsingu (nr. 219 23. apríl 1982) sem felur í sér að ýmis rannsóknatæki, sem keypt eru af fyrirtækjum í samkeppnisgreinum iðnaðar, njóti sömu undanþágu frá aðflutningsgjöldum og vélar og aðföng til sömu greina, skv. 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Með þessu frumvarpi er stefnt að því, að allar vísinda- og menntastofnanir, sem rannsóknir stunda, fái að njóta sömu aðstöðu og að um framkvæmd þessa heimildar-ákvæðis verði farið með hliðstæðum hætti og um fyrirtæki sé að ræða. Við ákvörðun um veitingu undanþágu til einstakra stofnana, sem vafi leikur á að stundi rannsóknir, er eðlilegt að leitað sé umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins sem reglubundið geri könnun á því, hverjir stundi rannsóknir og þróunarstarfsemi, og birti heildarskýrslu um þá aðila annað hvert ár. Verður því ekki séð að vandkvæðum sé bundið að framkvæma þetta ákvæði.

Í núverandi 39. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum. Þá eru í 40. tl. 3. gr. laganna ákvæði um að veita megi Norrænu eldfjallastöðinni undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

Íslenskar vísindastofnanir kaupa tæki sín og búnað annaðhvort fyrir framlög á fjárlögum eða fyrir eigið aflafé. Að svo miklu leyti sem fé er veitt á fjárlögum til tækjakaupa sýnist engin ástæða til að láta það fé renna að verulegu leyti aftur til ríkissjóðs í gegnum aðflutningsgjöld, — þeim mun síður sem fjarveitingar til tækjakaupa mæta oft afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Að svo miklu leyti sem tækin eru keypt af eigin aflafé stofnananna er enn síður ástæða til að skerða ráðstöfunarfé þeirra með greiðslu aðflutningsgjalda. Fremur er þörf á að hvetja stofnanirnar til að auka þátt eigin tekna með því að selja þjónustu og leita þátttöku atvinnufyrirtækja í rannsóknaverkefnum.